

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 8. maí 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 30

13. maí 2000

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frá 11. maí 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði þingið kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 30. júní 2000.

Gjört á Bessastöðum, 11. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 13. maí 2000 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt l. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frestað hinn 13. maí 2000.

Forsætisráðuneytinu, 13. maí 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.